Félag vélstjóra og málmtæknimanna

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 136/644*
*komudagur 9.1. 2009*

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 7. janúar 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar, mál nr. 39.

VM telur það mjög jákvætt að farið verði í þá vinnu að kanna kosti og galla sjóflutninga. Flutningsþörfina og kostnað af niðurgreiðslum með þessum flutningum.

Það mikla álag sem varð á vegakerfinu eftir að strandsiglingar lögðust niður er öllum ljóst sem um vegakerfi landsins fara. Það eru gífurlegir fjármunir sem þarf víða til að byggja upp vegi sem ekki hafa þolað álagið af þeim þungaflutningum sem færðust á vegakerfið. Það gæti því verið mikil sparnaður að færa mestu þungaflutningana á sjó aftur, heldu en þurfa að fara í mjög kostnaðarsamar uppbyggingu á vegakerfinu sem þarf til að þola þessa þungu flutninga.

Síðan þarf að skoða umhverfisþáttinn mjög vel, vegna aukinna krafna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

VM tekur því undir efniatriði þingályktunarinnar.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmtæknimanna

Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.

VM Stórhöfða 25 110 Reykjavík sími 575 9800 fax 575 9809 www.vm.is